

**Nd.**

**825. Breytingartillaga**

**[190. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:
3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:
  1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum.
  2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981.
  3. Af fyrstu 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.) gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.), greiðist 2%.
  4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
  5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.